

VERKEFNI

GERANDI, ÞOLANDI, ÁHORFANDI, VERJANDI

Í verkefninu setja nemendur sig í mismunandi hlutverk og deila reynslu sinni af mannréttindabrotum.

MARKMIÐ

1. Að nemendur geti sett sig í spor annarra og öðlist meiri skilning á réttindum fólks.
2. Að kveikja áhuga nemenda á mannréttindamálum með því að tengja þau við eigin reynslu nemenda.
3. Að nemendur fái þjálfun í að hlusta þegar aðrir tala sem og fái þjálfun í að tjá hugsanir sínar og tilfinningar á skipulegan, skýran og viðeigandi hátt.

LENGD

30+ MÍNÚTUR

ALDUR

Allir aldurshópar

UNDIRBÚNINGUR

- Eintak af töflu fyrir hvern hóp
- Nægilegt pláss svo nemendur geti setið í hring í sínum hóp

ÞETTA VERKEFNI ER Í EINU SKREFI:

1. Deilum reynslu okkar (30 mínútur)

SKREF 1: DEILUM REYNSLU OKKAR (30 MÍNÚTUR)

Hópavinna (20 mínútur)

- Nemendum er skipt í litla hópa. Hver hópur fær eintak af útprentaðri töflu.
- Nemendur eru beðnir að deila reynslu sinni af atvikum þar sem mannréttindabrot voru framin:
 - Eitt skipti þegar ég stóð hjá og gerði ekkert
 - Eitt skipti þegar ég braut á réttindum einhvers
 - Eitt skipti þegar brotið var á mínum réttindum
 - Eitt skipti þegar brotið var á réttindum einhvers og ég greip til aðgerða/varði viðkomandi

Ígrundun (10+ mínútur)

- Líklegt er að nemendum liggi mikið á hjarta og vilji deila ýmsum sögum. Gott er að taka ígrundun með öllum bekknum í lokin. Nemendur eru beðnir að deila sögum með öllum hópnum og síðan er hægt að ræða málín í heild. Tilvalið er að ræða eftirfarandi spurnigar:
 - Hvernig leið ykkur í þessari æfingu?

- Öðluðust þið betri skilning á mannréttindabrotum með því að deila ykkar eigin reynslu og hlusta á reynslu annarra?
- Hvað lærðuð þið á þessari æfingu?

Gagnlegt er að leggja áherslu á að við finnum okkur í öllum fjórum hlutverkunum einhvern tímann á lífsleiðinni og eflaust oftar en við gerum okkur grein fyrir.

Í lokin er gott að spyrja nemendur hvaða eiginleika sá sem grípur til aðgerða, ver og verndar réttindi annarra þarf að búa yfir. Hægt er að safna svörum upp á töflu eða bæta við verkefnið og fá nemendur til að útbúa plaköt sem hengja má upp í skólastofunni eða á göngum skólans. Slík plaköt gætu gert nemendur meðvitaðri og hvatt þá til að grípa til aðgerða næst þegar þeir vera vitni að mannréttindabrotum.

GERANDI, ÞOLANDI, ÁHORFANDI, VERJANDI SKREF 1

Ljósritið og dreifið einu eintaki af töflunni hér að neðan til hvers hóps.

GERANDI	ÞOLANDI
ÁHORFANDI	VERJANDI

GERANDI	ÞOLANDI
ÁHORFANDI	VERJANDI

GERANDI	ÞOLANDI
ÁHORFANDI	VERJANDI